

Konur í fyrsta sinn í meirihluta kennara í framhaldsskólum

Í fyrsta skipti eru konur nú í meirihluta framhaldsskólakennara. Konur meðal starfsmanna leik- og grunnskóla hafa hins vegar til margra ára verið í afgerandi meirihluta starfsfólks leik- og grunnskóla. Skólaárið 2000–2001 voru karlar 54,3% kennara í framhaldsskólum en konur 45,7%, en þessi munur er 8,5 prósentustig körlum í vil. Skólaárið 2005–2006 voru konur orðnar 51,5% kennara í framhaldsskólum en karlar 48,5% kennara sem er mismunur upp á 2,9 prósentustig. Fjölgun kvenna meðal starfsfólks framhaldsskólustigsins nemur um 6 prósentustigum. Þegar hlutur kvenna meðal kennara er eingöngu skoðaður er breytingin enn meiri konum í vil eða sem nemur um 8%. Körlum, sem lengi hafa verið nálægt fjórðungi kennara

grunnskólans, fer heldur fækkandi. Í leikskólum fer körlum hins vegar fjölgandi meðal starfsfólks við kennslu. Frá skólaárinu 2000-2001 hefur þeim fjölgað sem nemur 1,4% sem er meira en tvöföldun þegar litið er á fjölda karlkyns starfsmanna við kennslu. Árið 2005 voru því konur í meirihluta kennara á öllum þremur skólastigunum, allra mest á leikskólastiginu en skólaárið 2005-2006 voru þær 96,9%.

Samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytis og Hagstofu Íslands safnar Hagstofan tölfræðiupplýsingum um ýmsa þætti skólstarfs.

Heimild: [Hagstofa Íslands](#). Ritið: *Starfsfólk við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2000-2005*



Það eru forréttindi að lifa með fötlun

Frá opnun fyrirlestrarverkefnisins *Það eru forréttindi að lifa með fötlun*. Á myndinni eru Freyja Haraldsdóttir með Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og Þorsteini Þorsteinssyni skólameistara FG. Hægt er að lesa meira um verkefnið á vefnum [forrettindi.is](#). Einnig er hægt að lesa ræðu menntamálaráðherra á [vef menntamálaráðuneytis](#).

Drög að námskrám grunnskóla á námskrárvef menntamálaráðuneytis

Menntamálaráðuneyti vekur athygli á að nú eru komin út drög að öllum námskrám grunnskólans [á námskrárvef ráðuneytisins](#). Sú síðasta í röðinni var námskrá í upplýsinga- og tæknimennt sem birtist 3. október sl. ásamt greinargerð. Miðað er við að athugasemdir og ábendingar berist skriflega eða á netfangið namsskipan@mrn.stjr.is í síðasta lagi

3. nóvember nk.

Stuðningur við lesblinda við töku samræmdra prófa

Í kjölfar óska nokkurra foreldra og kennara um upplestur fyrir lesblinda nemendur á lesskilningshluta samræmdra prófa í íslensku í 4. og 7. bekk haustið 2006 hefur menntamálaráðherra beint því til Námsmatsstofnunar að eftirfarandi verði komið á framfæri við alla grunnskóla: Telji foreldrar og viðkomandi kennarar að lesblindir nemendur í skólanum muni bera skaða af því að taka lesskilningshluta íslenskuprófsins með núverandi fyrirkomulagi er þeim heimilt að sleppa þeim hluta prófsins. Heimildin er bundin við samræmd próf í íslensku í 4. og 7. bekk haustið 2006.

Endurskoðun leikskólalaga

Menntamálaráðherra skipaði í byrjun júní sl., nefnd til að vinna að heildarendurskoðun nógildandi laga um leikskóla [nr. 78/1994](#). Nefndinni er m.a. ætlað að hafa til hliðsjónar aukna samfellu og sveigjanleika í skólastarfi og niðurstöður starfshópa sem vinna samkvæmt samkomulagi menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um 10 skref til sóknar í skólastarfi og skólaumbótum og ákvörðun um að starfsheiti leikskólakennara verði lögverndað.

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á viðtækt samráð við ýmsa hagsmunaaðila leikskólamála og þeim er gefinn kostur á að koma fram sjónarmiðum sínum gagnvart fyrirhugaðri

endurskoðun. Gert er ráð fyrir að tillaga að frumvarpi til nýrra laga liggi fyrir í lok janúar 2007.

Í nefndinni eiga sæti: Valborg Þ. Snævarr formaður, Björg Bjarnadóttir formaður Félags leikskólakennara og Marta D. Sigurðardóttir leikskólakennari fulltrúar Kennarasambands Íslands, Svandís Ingimundardóttir þróunar- og skólafulltrúi og Ingibjörg Einarsdóttir skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar fulltrúar Sambands ísl. sveitarfélaga og Sjöfn Þórðardóttir laganemi fulltrúi landssamtakanna Heimili og skóli. Áheyrnarfulltrúi frá Félagi grunnskólakennara er Valgerður Eiríksdóttir grunnskólakennari. Starfsmaður nefndarinnar er Sigríður Lára Ásbergsdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneyti.

Málþing framundan

Vakin er athygli á tveimur málþingum sem eru framundan.

Málþingið *Lesum - hvaða gagn er að lestri?*

verður haldið í Sunnusal, Radisson SAS Hótel sögu þann 17. október nk. Nánari upplýsingar er að finna á vef málþingsins, [lesum.is](#). Málþingið er opið öllum.

Hið árlega málþing RKHÍ verður haldið 20. – 21. október nk. undir yfirskriftinni *Hvernig skóli? Skilvirkur þjónn eða skapandi aff!* Tekið er á móti skráningum á netfanginu malthing@khi.is. Nánari upplýsingar eru á [vef RKHÍ](#).

Menntamálaráðherra mun flytja erindi á þessum málþingum.

